

# Verklag við afhendingu merkjalýsinga í kerfinu landeignaskraning.hms.is

Gildir fyrir útgáfu 1 af kerfinu (s.s. allar útgáfur sem hafa 1 fyrst, eftir það geta komið minni útgáfur sem hafa auka stafi) – verklag breytist við útgáfu 2 sem áætluð er að verði um sumar 2024

Merkjalýsandi (M) er fenginn/ráðinn af landeiganda/-um til að vinna fyrir sig.

(M) vinnur skv lögum og reglugerð að gerð merkjalýsingar. Yfirfer meðal annars gögn og skráningu viðeigandi fasteigna/-r, skoðar hvort að breytingar samræmist skipulagi eða hvort breyta þurfi skipulagi.

(M) skráir inn nýtt mál í kerfið og allar upplýsingar þar um.

(5 skref; mál, landeignir, afmörkun, greiðendur, fylgiskjöl og staðfesting).

(M) getur verið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga áður en merkjalýsing er tilbúin og getur bætt starfsmönnum sveitarfélags við í málið, sem samstarfsaðilum.

(M) hleður upp mæligögnum í kerfið (skref 3 - afmörkun).

Skrá með mælipunktum þarf að afhenda – hnit sem staðfest eru í merkjalýsingu þurfa að vera í skránni en geta verið fleiri.

Flákar og línur eru stuðningsgögn með hnitaskrá.

(M) fær undirritun hjá öllum landeigendum á merkjalýsingu.

Merkjalýsing er ógild ef ekki er undirskrift allra landeigenda auk undirskriftar merkjalýsanda.

(M) hleður upp PDF merkjalýsingu í nýja kerfið og eftir atvikum F-550 umsókn (skref 5).

(M) afhendir málið og merkjalýsingu til sveitarfélags (skref 5).

HMS sér afhent mál en ekki afhendingu í Bygging.

HMS hefur samtal við sveitarfélag og merkjalýsanda.

HMS bætir starfsmönnum sveitarfélags við málið sem samstarfsaðila. Við það birtist málið í „Mín mál“ hjá viðeigandi starfsmönnum.

Sveitarfélag tekur málið fyrir á fundi.

Ef merkjalýsing er samþykkt/staðfest hjá sveitarfélagi:

- Sveitarfélag sýnir fram á samþykki með stimpli/undirritun og hleður aftur upp í sama mál í kerfinu. Þetta jafngildir afhendingu merkjalýsingar til HMS
- Sveitarfélagið skráir breytingar til samræmis við merkjalýsingu í kerfinu BYGGING og afhendir HMS

HMS yfirfer skráningu í bygging og gerir fasteignamat.

HMS breytir afmörkunum í landeignaskrá til samræmis við upplýsingar í merkjalýsingu.

HMS vistar merkjalýsingu í gagnagrunni.

HMS afhendir skráningu í biðskrá sýslumanns.

HMS tilkynnir landeigendum, merkjalýsanda og sveitarfélagi um afhendingu.

(M) afhendir merkjalýsingu til sýslumanns.

Í einhverjum tilfellum þarf að þinglýsa merkjalýsingu til að mögulegt sé að staðfesta skráningu út í fasteignaskrá (athugið lagakröfur um löggiltan skjalpappír, undirritanir og vitundarvotta).

Sýslumaður staðfestir skráningu út í fasteignaskrá.

Þinglýsir merkjalýsingu og/eða öðrum skjölum eftir atvikum.

**HMS**

Útgáfa 20.3.2024